

Fundargerð háskólaráðs

336. fundur þann 21. október 2013

stofa 402, Borgum, kl. 13.50 – 15.10

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 13.50.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, á Skype

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerðir 334. og 335. funda

"[málsnúmer]"

Fundargerðirnar voru samþykktar.

2. Ráðning forseta hug- og félagsvísindasviðs

1303020

Rektor greindi frá fundi sínum með sérfræðingi Capacent þar sem hann fól ráðningarstofunni að afla upplýsinga, sbr. bókanir frá háskólaráðsfundum 12. sept. og 24. sept. sl. Í kjölfarið ræddu sérfræðingar Capacent við alla þrjá umsækjendurna.

Skýrsla Capacent til rektors er dagsett 15. okt. 2013. Þrjár aðferðir voru notaðar til að meta hæfi umsækjenda:

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HEA", "MS", and "SD".

1. Staðlað viðtal byggt á fyrirfram skilgreindum viðmiðum með grunn í auglýsingu og/eða starfslýsingu.
2. Umsagnir, byggðar á fyrirfram skilgreindum viðmiðum með grunn í auglýsingu og/eða starfslýsingu.
3. Spurningalisti fyrir persónuleikamat (sjálfslýsing) með áherslu á hæfnipætti sem tengjast auglýsingu og/eða starfslýsingu.

Rektor fór yfir efni skýrslunnar og niðurstöðunnar sem eru í formi stigagjafar og lokaorða. Sigrún Stefánsdóttir fékk flest stig og er að mati Capacent hæfust umsækjendanna þriggja til að gegna stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs út frá þeim tólf viðmiðum sem notuð voru við matið.

Ítarlegar umræður urðu um ýmsar hliðar málsins. Voru fundarmenn sammála um að skýrsla Capacent væri gagnleg viðbót við dómnefndarálit. Einnig var rætt um niðurstöðu atkvæðagreiðslu á fræðasviðsfundi.

Rektor taldi að með skýrslu Capacent til viðbótar við dómnefndarálit, gögn umsækjenda og það samráð við háskólaráð sem nú hefur átt sé stað, hefði hann góðan grundvöll til að taka ákvörðun um ráðningu.

Rektor kynnti fyrir háskólaráði viðhorf sín í málinu og mun ljúka ferlinu innan tveggja daga.

Næsti reglulegi fundur háskólaráðs verður mánudaginn 28. október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10.

Svanfrjánesel
Hafdis Emma Asbjarnardóttir
Hilgeir Ólafsson
Anna Gunnarsson
Sto. D. K.